

## Fundargerð

422. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 19. júní 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Róbert Bender, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Margrét Hagalínsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Kári Jónasson.

Þetta gerðist:

Fundargerðir funda nr. 420 og 421 undirritaðar.

### 1. Málsóknarsjóður GH - erindi

Finnur gerði grein fyrir erindi er varðar Málsóknarsjóð Grá hersins og fyrirhugað framlag FEB. Spurt er: Getur FEB fallist á að 401 þús. kr. af framlaginu upp á 500 þús. kr. sem samþykkt var, verði skilgreint sem stofnfé, en restin 99 þús. verði skilgreind sem almennt framlag til sjóðsins?

Framkv.stjóri vakti athygli á samþykkt aðalfundar FEB um þetta mál þar sem segir m.a.: með því að gerast stofnaðili að málsóknarsjóðnum og leggja til hans stofnframlag „með heimild að framlagi allt að 500.000.“ Samkvæmt þessu er erindið sjálfleyst og óparft.

### 2. Grái herinn framhald umræðu

Mikil umræða undir þessum lið þar sem farið var yfir stöðu GH sem baráttuhóps innan FEB. Niðurstaða;

Stjórn FEB lítur svo á að í samþykkt stjórnarfundar þann 11.12.18, um að fá HP til reynslu til að hafa umsjón með Facebook síðu GH, hafi fallist að hann yrði „ritstjóri“ síðunnar sem færi með það hlutverk að að ritstýra efni sem þar birtist og skrifa í nafni Gráa hersins.

Með þeirri bókun var stjórnin því í raun að samþykkja það fyrirkomulag á rekstri FB-síðunnar sem málsóknarhópurinn leitar nú eftir. Stjórnin ítrekar þá samþykkt nú, og tekur fram að hún skuli gilda þar til annað verður ákveðið.

Í samræmi við fyrirliggjandi drög að stefnu FEB samþykkir stjórnin jafnframt að skipa þriggja manna starfshóp til þess að að fara yfir tengslin við GH og hlutverk hans og starfshætti sem baráttuhóps innan FEB. Hópurinn skili fyrir 1. október n.k. tillögum til stjórnar um framtíðarfyrirkomulag þessara mála.

Starfshópurinn skipa eftirtalin:

Gísli Jafetsson, Finnur Birgisson og Sigríður Snæbjörnsdóttir.

Framkvæmdastjóri lagði jafnframt áherslu á undir þessum lið, að aðgengi FEB að FB síðu GH verði fært til fyrra horfs og mun formaður fylgja því eftir.

### 3. Reikningslegt uppgjör Árskóga 1-3

Þorbjörn bað um að þetta yrði sett á dagskrá. Vildi einungis hvetja til að hafinn yrði undirbúningur að reikningslegu uppgjöri.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 11.20.

Samþykkt;